



## Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>1</b>
<b>Dagskrá</b> .....	<b>2</b>
<b>1.0 Aðalstjórn Keflavíkur 2002-2003</b> .....	<b>3</b>
1.1 Aðalstjórn verkaskipting og fundir.....	3
<b>2.0 Starfandi nefndir á vegum aðalstjórnar</b> .....	<b>3</b>
2.1 Ritnefnd .....	3
2.2 Samskiptanefnd.....	3
2.3 Laganefnd.....	3
2.4 Íþróttasvið UMFÍ .....	3
2.5 Lottónefnd UMFÍ.....	3
<b>3.0 Störf aðalstjórnar</b> .....	<b>4</b>
3.1 Stjórnarfundir .....	4
3.2 Af störfum aðalstjórnar .....	4
3.3 Formannafundir .....	4
3.4 Aðkoma aðalstjórnar að rekstri deilda .....	5
3.5 Útgáfumál .....	5
3.6 Framkvæmdarstjóri félagsins .....	5
<b>4.0 Nýtt félagsheimili og merki</b> .....	<b>6</b>
4.1 Félagsheimili Keflavíkur.....	6
4.2 Merki félagsins.....	6
<b>5.0 Evrópumeistaratitill</b> .....	<b>6</b>
<b>6.0 Betri deild / betra félag</b> .....	<b>6</b>
<b>7.0 Bæjaryfirvöld</b> .....	<b>6</b>
<b>8.0 Mót á vegum UMFÍ</b> .....	<b>7</b>
8.1 Landsmót UMFÍ Sauðárkróki 08. - 11. júlí 2004 .....	7
8.2 Unglingalandsmót UMFÍ Stykkishólmi 3.- 5. ágúst 2002 .....	7
8.3 Unglingalandsmót UMFÍ Ísafjarðabæ 2.- 4. ágúst 2003 .....	7
<b>9.0 ÍRB</b> .....	<b>7</b>
<b>10.0 Útdráttur úr ársskýrslum deilda</b> .....	<b>7</b>
10.1 Badmintondeild.....	7
10.2 Fimleikadeild.....	8
10.2 Knattspyrnudeild .....	8
10.3 Skotdeild .....	8
10.4 Sunddeild.....	8
10.5 Körfuknattleiksdeild .....	9
10.6 Taekwondodeild .....	9
Lokaorð.....	9
Íslandsmeistarar Keflavíkur 2002 - samkvæmt upplýsingum deilda.....	10
Íþróttamenn Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags 2002 .....	12
Íþróttamaður Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags 2002 .....	12
<b>11.0 Reikningar félagsins</b> .....	<b>13</b>
11.1 Áritun reikninga.....	13
11.2 Rekstrarreikningur árið 2002 .....	14
11.3 Efnahagsreikningur 31 desember 2002.....	14
11.4 Sunduliðanir með ársreikningi 2002 .....	14
11.5 Endurmats- og fyrningarskýrsla eigna .....	14
11.6 Samtæðureikningur félagsins .....	14
11.7 Skýringar með ársreikningi .....	14
11.8 Fjárhagsáætlun 2003.....	14



Aðalfundur 25. febrúar 2003 haldinn í  
félagsheimil Keflavíkur Hringbraut 108  
Kl. 20:00

## Dagskrá

1. Fundarsetning.
2. a) Kosinn fundarstjóri.  
b) Kosinn fundarritari.
3. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
4. Formaður félagsins leggur fram skýrslu aðalstjórnar um starfsemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
5. a) Gjaldkeri félagsins leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga aðalstjórnar og félagsins í heild fyrir liðið starfsár til samþykktar.  
b) Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
6. Lagðir fram reikningar fastra nefnda til samþykktar.
7. Lagabreytingar sbr. 7. gr. og 10. gr.

Heiðursviðurkenningar.  
Kaffiveitingar (umsjón foreldraf. Sunddeildar).

8. Kosinn formaður.
9. Kosnir 4 menn í stjórn.
10. Kosnir 3 menn í varastjórn.
11. Kosnir 2 skoðunarmenn og einn til vara.
12. Kosning fastra nefnda sem aðalfundur ákveður.
13. Ákveðið félagsgjald og ævifélagagjald.
14. Önnur mál.
15. Fundarslit.



## 1.0 Aðalstjórn Keflavíkur 2002-2003

### 1.1 Aðalstjórn verkaskipting og fundir

Einar Haraldsson	formaður	sat 19	fundi
Kári Gunnlaugsson	v.formaður	sat 17	fundi
Þórður Magni Kjartansson	gjaldkeri	sat 17	fundi
Sigurvin Guðfinnsson	ritari	sat 15	fundi
Birgir Ingibergsson	meðstjórnandi	sat 17	fundi
Guðjón Axelsson	varastjórn	sat 15	fundi
Ólöf Sveinsdóttir	varastjórn	sat 7	fundi
Sveinn Adolfsson	varastjórn	sat 15	fundi

Ólöf Sveinsdóttir fluttist til Kanada í haust. Aðalstjórn óskar henni og fjölskyldu velfarnaðar á erlendri grundu.

## 2.0 Starfandi nefndir á vegum aðalstjórnar

### 2.1 Ritnefnd

Markmið Einar Haraldsson, framkvæmdarstjóri félagsins sér um útgáfumálin.  
Sjá um útgáfu fréttabréfs og jólablaðs.

### 2.2 Samskiptanefnd

Markmið Skipuð einum fulltrúa úr hverri deild. Fulltrúi aðalstjórnar er Sigurvin Guðfinnsson sem er formaður.  
Samræma ýmis mál er skarast milli deilda, t.d. agamál, systkinaafslætti, fjáraflanir, vörukaup o.fl.

### 2.3 Laganefnd

Markmið Magnús Haraldsson, Daði Þorgrímsson og Gísli H. Jóhannsson.  
Viðhalda lögum félagsins.

### 2.4 Íþróttasvið UMFÍ

Ólöf Sveinsdóttir.

### 2.5 Lottónefnd UMFÍ

Einar Haraldsson.



### 3.0 Störf aðalstjórnar

#### 3.1 Stjórnarfundir

Alls hélt stjórnin 19 bókaða fundi á árinu. Þar fyrir utan sátu stjórnarmenn ýmsa vinnufundi í tengslum við verkefni ársins. Stjórnarmenn hafa líka skipt með sér verkum og verið tengiliðir við starfandi nefndir. Fastur fundartími aðalstjórnar hefur verið annan hvern fimmtudag frá kl. 18:00-20:00. Varafulltrúar hafa verið mjög duglegir að mæta á fundina eins og sjá má hér að framan og hafa þeir tekið virkan þátt í störfum aðalstjórnar og ákvarðanatöku. Það hefur líka verið ánægjulegt hversu viljugir varamenn hafa verið að taka að sér verkefni og hversu vel meðvitaðir þeir eru um framvindu mála hjá félaginu. Stjórnarfundir eru ætíð opnir deildum félagsins og hefur stjórnin hvatt forystumenn deilda til þess að nýta sér það að flytja mál sín í upphafi stjórnarfunda. Umræður hafa verið málefnalegar á stjórnarfundum og starfsandi góður.

#### 3.2 Af störfum aðalstjórnar

Aðalstjórn félagsins var endurkjörin á síðasta aðalfundi eftir að hafa fengið mótframboð. Þorgrímur Árnason bauð sig fram gegn sitjandi formanni Einari Haraldssyni en beið lægri hlut. Þorgrímur bauð sig einnig fram sem meðstjórnandi en náði ekki kjöri.

Á síðasta aðalfundi var samþykkt breyting á merki félagsins. Í kjölfarið lét aðalstjórn útbúa nýja stimpla fyrir deildir og einnig nýja útifána. Að breyta merki er afar kostnaðarsamt. Í dag á félagið ekki hátíðarfána með rétta merki félagsins en það stendur allt til bóta. Útbúin hafa verið barmmerki og verið er að útbúa bindisnælur.

Einar Haraldsson formaður félagsins sótti samráðsfund Ungmennafélags Íslands sem haldinn var á Hótel Borganes dagana 11. og 12. maí 2003.

Eins og undanfarin ár stóð félagið ásamt UMFN að dagskrá hátíðarhaldanna 17. júní og var gerður samningur við tómstanda- og íþróttaráð um framkvæmdina. Einar, Birgir, Ólöf og Sveinn báru hita og þunga af undirbúningnum hjá félaginu. Einar Haraldsson var framkvæmdarstjóri 17. júní nefndar. Þetta verkefni er komið í fastar skorður og hafa umsjónarmenn okkar lagt ríka áherslu á gott samstarf við UMFN og þá aðila hjá bænum sem tengjast málinu.

Tómstanda og- íþróttaráð gerði samning við aðalstjórn félagsins um að starfrækja íþrótt- og leikjaskóla. Var skólinn starfræktur áttunda árið í röð með svipuðu sniði og áður. Mikill metnaður hefur verið lagður í undirbúning og framkvæmd skólans. Aðsókn að skólanum hefur fari minnkandi og liggja eflaust nokkrar skíringar á því meðal annars að skólaárið hefur verið lengt og fleiri valkostir eru í boði fyrir börnin. Strax að loknu starfinu s.l. sumar var unnin vegleg skýrsla um starfsemina sem skilað var til tómstanda- og íþróttaráðs. Umsjónarmaður leikjaskólans var Einar Haraldsson.

Ráðist var í endurbætur á Hringbraut 108 en kveikt hafði verið í húsnæðinu. Einar Haraldsson og Sveinn Adolffsson voru skipaðir sem umsjónarmenn með framkvæmdum af hálfu félagsins.

Fulltrúar aðalstjórnar sátu ársþing Íþróttabandalags Reykjanesbæjar sem haldið var 5. júní 2002 í Golfskálanum í Leiru. Jóhann B. Magnússon var kjörin formaður ÍRB.

33. sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn á Hótel Kirkjubæjarklaustri 19. - 20. október 2002. Einar Haraldsson formaður félagsins sótti fundinn.

#### 3.3 Formannafundir

Formannafundirnir voru að þessu sinni aðeins einn og var haldinn 23. september.

Á fundinn mættu forystumenn frá aðalstjórn og frá flestum deildum félagsins. Farið var yfir stöðu og starfsemi deilda. Opnun á félagsheimili Keflavíkur var tekin fyrir. Einar Haraldsson formaður fór yfir það hvernig staðið yrði að opnun félagsheimilisins að Hringbraut 108. Tímaúthlutun í íþróttamannvirkjum RNB var til umræðu og sagði Einar frá því að búið væri að úthluta tímum til deilda og hvatti Einar deildir til að nýta tímana sem best. Þá tíma sem deildir nota ekki á að skila inn til framkvæmdarstjóra félagsins sem síðan endurúthlutar þeim til þeirra deilda sem þess óska. Jólblaðið var til umræðu og óskaði Einar eftir því að deildir skili inn greinum í blaðið á tölvutækuforni eigi síðar



en 4. nóv. 2002. Afreks- og styrktarsjóður var til umræðu en sunddeild félagsins hafði sent aðalstjórn erindi um stofnun slíks sjóðs innan félagsins en aðalstjórn sá sér ekki fært að setja hann á laggirnar nema að honum yrði eyrnamerkar tekjur. Fundarmenn voru sammála því að það væri erfitt að fjármagna hann og því ekki raunhæft að hafa slíkan sjóð. Fundarmenn vildu reyna að þrýsta á ÍSÍ og sérsamböndin um að greiða þann kostnað sem hlýst þegar afreksfólk keppir fyrir Íslandshönd svo að sá kostnaður lendi ekki á foreldrum, einstaklingi, deild eða félagi. Framtíðarsýn Keflvaíkur á uppbyggingu íþróttamannvirkja RNB. Einar sagði að nú væri kominn tími til að endurnýja framtíðarstefnu félagsins til næstu 10 – 15 ára. Ákveðið er að hver deild skipi einn fulltrúa í nefndina. Önnur mál. Einar kynnti nýjan verðlaunapening sem Ísspor er með fyrir félagið og deildum bent á að nota hann á þeim mótum sem við höldum.

Einar sagði frá kók samningi sem stendur til að gera fyrir allt félagið.

Umræður um nýja félagsheimilið hvað varðar umgengi og lykla.

Einar sagði frá því að búið væri að uppfæra tölvukostinn í vinnuherbergi deilda.

Einar sagði frá því að deildum væri óheimilt að skuldsetja deildina nema með samþykki aðalstjórnar ella ættu viðkomandi á hættu að bera skuldina sjálfir.

Einar sagði frá því að ÍRB væri búið að senda nokkrar hanbækur betri deild / betra félag til umsagnar ÍSÍ.

### 3.4 Aðkoma aðalstjórnar að rekstri deilda

Rekstur deilda er misjafn og fer eftir umfangi deilda. Flestar deildir hafa náð að reka sína deild réttu megin við núllið. Miklir fjárhagserfileikar hafa verið í knattspyrnudeild og körfuknattleiksdeild. Aðalstjórn félagsins hefur tekið þátt í því að skapa knattspyrnu- og körfuknattleiksdeild rekstrarlegan grundvöll með því að koma að skuldum þeirra m.a. með því að lána þeim peninga. Aðalstjórn félagsins er ábyrg fyrir skuldum deilda sinna samkvæmt 3gr. regugerðar ÍSÍ um fjárreiður íþróttahélfingarrinnar. Ef ekkert hefði verið aðhafst af hálfu aðalstjórnar þá hefðu lögfræðingar stefnt félaginu og skuldir hækkað í kjölfarið og aðalstjórn hefði engu síður þurft að greiða viðkomandi kröfur.

### 3.5 Útgáfumál

Deildir hafa aukið upplýsingar til foreldra með sjálfstæðum fréttabréfum og er það af hinu góða. Einar Haraldsson framkvæmdarstjóri félagsins hefur haft veg og vanda að útgáfu 17. júní dagskrár og jólablaði félagsins. Jólablaðið kom út í desember og var stjórn félagsins ánægð með útkomuna. Jólablaðið undirstrikaði víðtæka starfsemi félagsins. Blaðinu var dreift í öll hús í Reykjanesbæ. Badmintondeild og Sunddeild sáu um útburðinn.

Keflavík er með heimasíðu á internetinu. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið og deildir. Rétt er að geta þess að síða körfuknattleiksdeildar er mjög góð og notast íþróttafréttamenn við hana við fréttaflutning sinn. Fundagerðir aðalstjórnar eru settar inná heimasíðuna undir aðalstjórn. Slóð heimasíðunnar er; <http://www.keflavik.is>.

Rafrænan póst til félagsins á að senda á [keflavik@keflavik.is](mailto:keflavik@keflavik.is)

### 3.6 Framkvæmdarstjóri félagsins

Einar Haraldsson er í 100% starfi sem framkvæmdarstjóri Keflavíkur og hefur gegnt því starfi síðan 1. maí 1999. Reynslan sýnir að það sé nauðsynlegt að vera með framkvæmdarstjóra í fullu starfi. Deildum félagsins stendur til boða að láta framkvæmdarstjórnann færa bókhaldið og reikna laun. Á árinu 2002 voru tvær deild sem ýtti sér þessa þjónustu. Auk þess hefur framkvæmdarstjóri verið deildum innan handar við við hin nýmsu verkefni. Á þessu ári er stefnt að því að bókhald flestra deilda verði að fært á skrifstofu aðalstjórnar af framkvæmdarstjóra félagsins.



## 4.0 Nýtt félagsheimili og merki

### 4.1 Félagsheimili Keflavíkur

Félagsaðstöðuleysi undanfarin ár hefur háð allri félagsstarfemi félagsins, en nú loksins erum við komin með langþráða félagsaðstöðu. Það var á stjórnarfundum sem haldinn var 21. febrúar 2002 kl:18:00 og mættir voru: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Ólöf, Guðjón og Sveinn, að undir liðnum önnur mál urðu umræður um nýtt félagsheimili eða félagsaðstöðu. Umræður um Hringbraut 108 og mögulegar úrbætur á húsnæðinu þannig að hægt væri að nota það í framtíðinni sem okkar félagsheimili.

Þriðjudaginn 26. febrúar um klukkan 15:30 er tilkynnt um eld í vallahúsinu við Hringbraut 108 og kom í ljós að ungir drengir hefðu brotist inn og kveit í. Skemmdir urðu talsverðar á húsnæðinu og ljóst að eitthvað þurfti að gera við húsið.

Það var á stjórnarfundum 7. mars sem ákveðið var að endurbyggja Hringbraut 108 sem félagsheimili Keflavíkur. Einari Haraldssyni formanni félagsins og Sveini Adolfsyni varamanni í stjórn félagsins var falið að hafa umsjón með endurbótum á húsnæðinu. Ákveðið var strax að vera með verkið í alútboði. Teiknistofan Örð og Rafmiðstöðin voru fengin til að gera útboðsgögn. Boðið var út 8. apríl. Það voru 7 aðilar sem keypu útboðsgögn. Tilboðin voru svo opnuð á skrifstofu félagsins 15. apríl, en 4 aðilar skiluðu inn tilboði í verkið og voru Íslenskir Aðalverktakar lögstir eða um 80% af kostnaðaráætlun. Verktíminn var afar stuttur en framkvæmdir hófust 16. apríl og verkinu lauk á réttum tíma eða 14 júní. Föstudaginn 14. júní 2002 var boðið til kaffisamsætis af hálfu Íslenskra Aðalverktaka þar sem þeir afhendu okkur lykklavöldin af húsnæðinu.

Félagsheimilið var síðan formlega opnað á afmælisdegi félagsins 29. sept. 2002 og var öllum bæjarbúum og velunnurum félagsins boðið að koma og skoða húsið og þiggja veitingar. Í tilefni opunar fékk félagið nokkrar gjafir og vill ég nota tækifærið og þakka þeim fyrir höfðingslegar gjafir.

### 4.2 Merki félagsins

Á síðasta aðalfundi var lögð fram lagabreyting á 30 gr. laganna en hún fjallar um merki félagsins. Aðalfundur samþykkti að breyta merki félagsins.



## 5.0 Evrópumeistaratitill

Félagið eignaðist sinn fyrsta Evrópumeistara þegar sundmaðurinn Örn Arnarson varð Evrópumeistari í 200 m. baksundi í 25 m. laug í Þýskalandi. Formaður félagsins tók á móti Erni í Leifstöð þegar liðið kom heim frá Þýskalandi og færði honum árnaðaróskir frá félaginu ásamt blómvendi.

## 6.0 Betri deild / betra félag

Knattspyrnadeild, körfuknattleiksdeild, fimleikdadeild, sunddeild og badmintondeild og taekwondodeild hafa lagt mikla vinnu í handbækur varðandi betri deild / betri félag en það er verkefni á vegum ÍSÍ sem ÍRB hefur staðfært miðað við okkar félög en verkefnið heitir fyrirmyndarfélag / fyrirmyndardeild hjá ÍSÍ. Þessar deildir hafa skilað inn handbókum. Þegar þetta er ritað er verið að kanna hjá ÍSÍ hvort einhverjar þessara deilda hljóta nafnbótina fyrirmyndar deild ÍSÍ.

## 7.0 Bæjaryfirvöld

Aðalstjórn hefur átt gott samstarf við bæjaryfirvöld. Þau erindi sem félagið hefur borið upp hafa verið vel tekið enda er bæjarfulltrúum vel ljóst hversu mikilvæg starfsemi íþróttahreyfingarinnar er í samfélagi Reykjanesbæjar. Búið er að byggja gryfju við enda B-salar og setja parket á gólf A-salar. Þessar breytingar eru mikil lyftistöng fyrir iðkendur í körfu og fimleikum. Ekki má gleyma áhorfendabekkjum sem komið var fyrir í A-sal. "Reykjanesbær Íþróttabær" er stefnumörkun sem þarf að endurspeglar sameiginlegan vilja íþróttahreyfingarinnar og bæjaryfirvalda, enda líklega unnin með hliðsjón af markmiðum ÍSÍ og menntamálaráðuneytis.



## 8.0 Mót á vegum UMFÍ

### 8.1 Landsmót UMFÍ Sauðárkróki 08. - 11. júlí 2004

Aðalstjórn mun beina þeim tilmælum til deilda félagsins að fara huga að næsta landsmóti sem haldið er á Sauðárkróki 2004. Keflavík íþrótt- og umgennafélag á alla burði til þess að vera með sterkt lið á mótinu.

### 8.2 Unglingalandsmót UMFÍ Stykkishólmi 3.- 5. ágúst 2002

Unglingalandsmót var haldið um verslunarmannahelgi í Stykkishólmi 2002. Aðalstjórn félagsins hvatti formenn deilda til að taka þátt í mótinu. Körfuknattleiksdeild sendi stúlknaðið einnig voru keppendur í sundi frá sunddeild félagsins.

### 8.3 Unglingalandsmót UMFÍ Ísafjarðabæ 2.- 4. ágúst 2003

Næsta Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Ísafjarðabæ 2.-4. ágúst 2003. Mótshaldarar eru að gera þetta að fjölskylduhátíð. Vonandi á Keflavík fjölmennt lið á Unglingalandsmótinu í Ísafjarðabæ í sumar. Aðalstjórn skorar á deildir félagsins að taka þátt í Unglingalandsmótinu á Ísafirði 2003.

## 9.0 ÍRB

Fyrri hluta ársins 2002 fór lítið fyrir verkefnum. Unnið var að áætlanagerð og rætt við ýmsa aðila. Í maí 2002, hlaut "Reykjanesbær á réttu róli" styrk úr forvarnasjóði að upphæð 500.000 kr. Styrkumsókn ÍRB fylgdi ítarleg framkvæmdaáætlun sem þegar hefur verið hrundið af stað. Lykilatriði í þeirri áætlun er stuðningur við foreldrafélög grunnskóla bæjarins. ÍRB einbeitti sér að samskiptum við íþróttaráð og einstökum verkefnum. Þar er líka nauðsynlegur samstarfsvettvangur til samræmingar milli félaganna. Á síðasta þingi bandalagsins var kosin ný stjórn. Stjórn bandalagsins er skipuð Jóhanni B. Magnússyni formanni, Einari Haraldssyni varaformanni, Ásdísi Jakobsdóttur gjaldkera, Ásgeiri Eiríkssyni ritara og Kristbírni Albertssyni meðstjórnanda, varamenn eru þeir Borgar Jónsson og Jón Ólsen. ÍRB stóð fyrir kjöri á íþróttamanni Reykjanesbæjar 2002 og fór kjörið fram í íþróttahúsinu í Njarðvík á gamlársdag. Fyrir valinu varð Örn Arnarson sunddeild Keflavíkur, í öðru sæti Jóhannes Rúnar Kristjánsson Nes og í þriðja sæti Logi Gunnarsson körfuknattleiksdeild Njarðvíkur. Íslandsmeistarar Reykjanesbæjar voru heiðraðir.

## 10.0 Útdráttur úr ársskýrslum deilda

### 10.1 Badmintondeild

Stjórnin er skipuð Sesselju Birgisdóttur formanni, Jónasi Þorsteinssyni varaformanni, Dagbjörту Ýr Gyldadóttur gjaldkera, Lillju Karlsdóttur ritara og Jóni Ingiberg Kristjánssyni meðstjórnanda. Varamenn Íris Kristjánisdóttir, Guðríður Walderhaug og Ingibjörg Jónsdóttir. Í janúar 2002 var keppt á Gríslíngamóti á Akranesi sem er mót fyrir yngstu keppendurnar. Í febrúar varð deildin Íslandsmeistari í B-deild. Íslandsdómur unglínga var haldið hér í íþróttahúsinu við Sunnubraut um mánaðarmótin febrúar/mars. Mótið var fjölmennasta Íslandsdómur sem haldið hefur verið. Mótið var í umsjá badmintondeildarinnar. Deildin stóð fyrir kynningu á íþróttinni og bauð öllum 4. bekkjum í Reykjanesbæ að koma á æfingu og þrúfa. Þessi kynning skilaði nokkrum íðkendum inn í deildina. Hið árlega Sparisjóðsmót var á sínum stað og þátttakan hefur sjaldan verið meiri. Deildin á tvo landliðsmenn í U-17, Þorgerði Jóhannsdóttur og Ólaf Jón Jónsson. Þjálfari er Sigurður Þorsteinsson og honum til aðstoðar var Ingunn Gunnlaugsdóttir.



## 10.2 Fimleikadeild

Stjórnin er skipuð Ragnheiði Ólafsdóttur sem formanni, Eðalrein Magdalenu Sæmundsdóttur varaformanni, Karítas Sigurvinsdóttur gjaldkera, Auði Óskarsdóttur ritara og Rannveigu Arnarsdóttur meðstjórnanda. Varastjórn, Kolbrún Jóna Pétursdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir og Sigurbjörg Guðmundsdóttir. Á síðasta ári störfuðu 12 þjálfara auk 7 aðstoðarþjálfara. Innanfélagsmót var haldið 20. apríl. Varsýning var haldin 23 maí. Jólasýning var haldin þann 21. desember. Deildin stóð fyrir sumarnámskeiði í júní. Nokkrar stúlkur sóttu þjálfaranámskeið hjá ÍSÍ. 25 stúlkur æfa nú fyrir ferð til Lissabon en þar munu þær taka þátt í Gymnaströdu. Deildin æfir í B-sal í íþróttahúsinu við Sunnubraut og voru æfingardagar 280. Bygging gryfju við B-salinn er nú orðin staðreynd. Gryfjan var tekin formlega í notkun 6. september. Tilkoma gryfjunnar er mikil lyftistöng fyrir alla æfingaraðstöðu deildarinnar.

## 10.2 Knattspyrnudeild

Formaður er Rúnar Arnarsson, Þorsteinn Magnússon varaformaður, Halldór Leví gjaldkeri, Grétar Ólason ritari og Hallgrímur Guðmundsson meðstjórnandi. Varamenn Ólafur Birgir Bjarnason, Sævar Pétursson og Erlingur Hannesson. Allir flokkar okkar karla og kvenna tóku þátt í þessum hefðbundnum mótum svo sem Íslandsmóti, Faxaflóamóti auk sér móta. Deildin hélt nokkur mót. Meistaraflokkur karla urðu Íslandsmeistarar í innanhússknattspyrnu. Haukur Ingi Guðnason lék fjóra landsleiki með A-landslíði Íslands. Þrír leikmenn léku með U-21 landsliði þeir Haraldur Freyr Guðmundsson, Ómar Jóhannsson og Magnús Sverrir Þorsteinsson. Ingi Rafn Guðmundsson lék með U-19 landsliði. Árangur meistaraflokks var ekki sá sem menn lögðu upp með, fall niður um deild var mikið áfall fyrir deildina. Rekstur deildarinnar er þungur og fjárhagsstaðan erfið, en búið er að koma skuldum í skil og skapa rekstrarlegan grundvöll. Unglingaráð er nú rekið fjárhagslega sjálfstætt. Mikill metnaður hefur verið settur í unglingsarfið og er unnið mjög fagmannlega. Yfirþjálfari er Gunnar Magnús Jónsson hjá drengjum og Elís Kristjánsson hjá stúlkum.

## 10.3 Skotdeild

Stjórnin er skipuð Árna Leifssyni formanni, Ásgeir Svan Vagnsyni varaformanni, Árna Pálssyni gjaldkera, Þorsteini Marteinsyni ritara og Geir Gunnarssyni meðstjórnanda. Varamenn Magnús Hafsteinsson, Guðni Pálsson og Eiríkur Ásgeirsson. Æfingar voru tvisvar í viku. Ýmsar framkvæmdir voru gerðar á svæðinu, ríffilbani endurbættur, lokið við byrjandaaðstöðu í haglaskotfimi og loftið í trap-gryfjunni var lyft upp. Fjármál deildarinnar eru erfið eftir smáþjóðaleikana 1997 sem fram fóru í Höfnum í Heiði og íþróttahúsinu í Njarðvík. Tömstunda- og íþróttaráð setti á framkvæmdaáætlun sína aðstoð við deildina 500.000 krónur á ári í fjögur ár eða í heild 2.000.000 krónur, bæjarstjórn feldi þetta út úr fjárhagsáætlun bæjarins á síðasta ári, en MÍT er með þetta inni í sinni framkvæmdaráætlun nú. Lögreglan í Reykjavík leigði aðstöðu til að vera með námskeið.

## 10.4 Sunddeild

Klemenz Sæmundsson formaður, Niels Hermannsson varaformaður, Bjarney Snævarsdóttir gjaldkeri Hafdís Guðlaugsdóttur ritari og meðstjórnandi Heimir Sigursveinsson. Varamenn Einar Magnússon, Halldór Þórólfsson og Elín Kjartansdóttir.

Eitt besta ár í sögu sunddeildar Keflavíkur er að baki. Flest þau mót sem deildin tók þátt í á árinu unnust. Keppt var undir merki ÍRB eins og á síðasta ári. Deildin eignaðist sinn fyrsta Evrópumeistara þegar sundmaðurinn Örn Arnarson varð Evrópumeistari í 200 m. baksundi í 25 m. laug í Þýskalandi, en deildin átti tvo þátttakendur á mótinu. Á Norðulandamótinu sem fram fór í Svíðþjóð átti deildin einn þátttakanda. Í Heiðarskóla hefur verið boðið upp á sundkennslu barna frá eins til fimm ára. Markmið með þessari kennslu, er að gera krakkana synda án kúta. Í gömlu sundhöllinni eru sundæfingar fyrir 12 ára og yngri. Markmiðið er að þjálfra þau í fjórum höfuðsundum sem kennd eru. Einnig er lögð áhersla á að ná færni í stungum og snúningum við bakka. Í Sundmiðstöðinni við Sunnubraut æfa þau sem eru kominn í hóp þeirra bestu. Þjálfarar eru Steindór Gunnarsson, Eðvar Þór Eðvarðsson og Hrafnhildur Guðmundsdóttir.





### 10.5 Körfuknattleiksdeild

Ný stjórn var kjörin í lok síðustu leiktiðar í maí 2002. Stjórnin er skipuð Hrannari Hólm formanni, Hermanni Helgasyni varformanni, Guðsveini Ólafi Gestssyni gjaldkera, Jón Guðmundssyni ritara, Gunnari Jóhannssyni, Birgi Má Bragasyni og Einari Skaftasyni meðstjórnendum. Varamenn Þorgrímur Árnason, Rúnar Georgsson, og Jón Ben Einarsson. Kristín Kristjánsdóttir er formaður unglingsráðs. Meistarflokkur karla er nú Kjörís- og Dorítosbikarmeistarar og kom til með að gera harða atlögu að Íslandsmeistartitlinum. Meistaraflokkur kvenna er deildarmeistari og koma einnig til að gera harða atlögu að Íslandsmeistartitlinum, en þær gáfu ÍS bikarinn því miður.

1. flokkur karla og 8. flokkur kvenna urðu Íslandsmeistarar. Unglingastarfið er í miklum blóma. Keflavík sendir lið til keppni í fleiri flokkum en nokkurt annað félag. Þjálfarar eru vel menntaðir. Starfsemi deildarinnar er mjög umfangsmikil og rekstur deildarinnar er þungur og fjárhagsstaðan erfið. Deildinni vantar tilfinnalega meira af áhugasömu fólki til starfa fyrir deildina. Heimasíða deildarinnar er til mikillar fyrirmyndar og er stór glæsileg og uppfærð reglulega en þar er að finna allar upplýsingar hvað er að gerast hjá deildinni. Heyrst hefur að íþróttafréttaritarar fari inn á síðuna til að ná sér í efni.

### 10.6 Taekwondodeild

Sigursteinn Snorrason formaður, Brynhildur Sigursteinsdóttir gjaldkeri og Ari Normandy Del Rosario ritari meðstjórnendur Gauti Már Guðnason og Arnar Bragason. Æfingar eru þrisvar í viku. Æfingar fara fram í sal kjallara Sundmiðstöðvar við Sunnubraut. Mikill fjöldi stundar nú þessa íþrótt og segja má að áhuginn sé miklu meiri en menn þorðu að vona. Helgi Rafn Guðmundsson tók þátt í Norðulandamótinu og vann til bronsverðlauna. Deildin eignaðist fimm Íslandsmeistara á árinu.

### Lokaorð

Aðalstjórn vill þakka öllum velunnurum félagsins, stjórnarmönnum deilda og foreldrum fyrir dugnað og fórnfúst starf til eflingar íþróttastarfsins.



## Íslandsmeistarar Keflavíkur 2002 - samkvæmt upplýsingum deilda

86 Íslandsmeistarar KEFLAVÍKUR 2002

Knattspyrnudeild: fjöldi 12  
Meistaraflokkur karla í innanhúsknattspyrnu.

Körfuknattleiksdeild: fjöldi 35  
1.flokkur karla (15) 8.flokkur kvenna (20)

Fimleikadeild: fjöldi 1  
Helga Dagný Sigurjónsd. Ísl.meistari í 3.þrepi í almennum fimleikum.

Sunddeild: fjöldi 24  
Innanhússmeistarmóti Íslands 2002.  
Magnús Sveinn Jónsson íslandsmeistari í 400 m. skriðsundi.

Sundmeistaramóti Íslands. 2002

Einstaklingar

Birkir Már Jónsson Íslandsmeistari í 200 m. flugsundi.

Magnús Sveinn Jónsson Íslandsmeistari í 400 m. fjórsundi.

Díana Ósk Halldórsdóttir Íslandsmeistari í 200 m. flugsundi.

Liðið.

Birkir Már Jónsson

Magnús Sveinn Jónsson

Díana Ósk Halldórsdóttir

Erla Dúrr Magnúsdóttir

Unnur Birgitta Halldórsdóttir

Jóhanna Marsibil Pálsdóttir

Þóra Björg Sigurþórsdóttir

Sunna Pétursdóttir

Sólveig Óskarsdóttir

Nensý Þorsteinsdóttir

Karítas Heimisdóttir

Íris Guðmundsdóttir

Helena Ósk Ívarsdóttir

Stefanía Júlíusdóttir

Íris Stella Heiðarsdóttir

Þórunn Kristín Kjærbo

Guðlaugur Már Guðmundsson

Arnar Ingi Guðmundsson

Einar Pétursson

Ólafur Páll Ólafsson

Brynjar Freyr Nielsson

Guðni Emilsson

Garðar Eðvaldsson

Aldursflokkameistarar Keflavíkur á AMÍ 2002.

Birkir Már Jónsson: 100, 200 og 400 m. skriðsund og 100 m. flugsund og í boðsundsveitum í: 4x100 m. fjór, 4x100 m. skrið og 4x50 m. skrið.

Jón Gauti Jónsson: 100 og 200 m. bringusund, 100 m. baksund og 200 m. fjórsund og í boðsundsveitum í: 4x100 m. fjór, 4x100 m. skrið og 4x50 m. skrið.

Guðni Emilsson: 100 og 200 m. bringusund.

Garðar Eðvaldsson: Í boðsundsveit í: 4x50 m. skrið.

Brynjar Freyr Nielsson: Í boðsundsveit í: 4x50 m. skrið.

Þórður Áspórssen: Í boðsundsveit í: 4x50 m. skrið.

Helena Ósk Ívarsdóttir: 100 m. bringusund.

Díana Ósk Halldórsdóttir: 100 m. flugsund.



# KEFLAVÍK íþróttá- og umgmennafélag

Ársskýrsla 2002

Unnur Birgitta Halldórsdóttir : Í boðsundsveit 4x50 m. skrið.

Karítas Heimisdóttir: Í boðsundsveit 4x50 m. skrið.

Íris Guðmundsdóttir: Í boðsundsveit 4x50 m. skrið.

Badmintondeild: fjöldi 9

Íslandsmeistarar í Deildarkeppni Badmintonsambands Íslands.

Jónas Þorsteinsson

Haukur Guðmundsson

Sigurður Þorsteinsson

Jón Björgvin Hilmarsson

Ólafur Jón Jónsson

Dagbjört Guðmundsdóttir

Ingunn S. Gunnlaugsdóttir

Þorgerður Jóhannsdóttir

Stefanía S. Kristjánsdóttir

Taekwondo: fjöldi 5

Bolli Þór Bollason, Íslandsmeistari

Nökkvi Þór Matthíasson, Íslandsmeistari

Helgi Rafn Guðmundsson, Íslandsmeistari

Gunnlaugur Ásgrímsson, Íslandsmeistari

Finnbjörn Benónýsson, Íslandsmeistari



**Íþróttamenn Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags 2002**

Haraldur Freyr Guðmundsson, knattspyrnudeild

Gunnar Einarson, körfuknattleiksdeild

Eva Berglind Magnúsdóttir, fimleikadeild

Örn Arnarson, sunddeild

Ólafur Jón Jónsson, badmintondeild

Þorsteinn Marteinnsson, skotdeild

Helgi Rafn Guðmundsson, taekwondodeild

**Íþróttamaður Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags 2002**

Örn Arnarson, sunddeild



## 11.0 Reikningar félagsins

### 11.1 Áritun reikninga

Keflavík, 20.02.2003

Ársreikninginn fyrir Keflavík *íþróttta- og umgmenningafélag* árið 2002 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins sem var fært á skrifstofu þess. Ársreikningurinn hefur að geyma Rekstrarreikning ársins 2002, Efnahagsreikning 31.12.2002 ásamt sundurliðunum, skýringum og fjárhagsáætlun fyrir árið 2002.

---

Þórður M. Kjartansson,  
gjaldkeri.

Við undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn reikninga félagsins, höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2002 og leggjum til að hann verði samþykktur.

---

Hörður Ragnarsson

---

Jón Ólafur Jónsson

### Aðalstjórn Keflavíkur 2002:

---

Einar Haraldsson, formaður  
varaform.

---

Kári Gunnlaugsson,

---

Sigurvin Guðfinnsson, ritari  
gjaldkeri,

---

Þórður M. Kjartansson,

---

Birgir Ingibergsson, meðstjórnandi  
varastjórn,

---

Sveinn Adolfsson,

---

Guðjón Axelsson, varastjórn,



## 11.2 Rekstrarreikningur árið 2002

### REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2002

	Sndrl.:	Árið 2002	Árið 2001
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Framlög og styrkir.....	(1)	6.323.795	4.236.928
Tekjur af mótum.....	(2)	1.507.000	781.000
Auglýsingatekjur.....	(3)	1.262.000	1.341.852
Húsa- & lóðarleigutekjur.....	(4)	301.050	867.520
Aðrar tekjur.....	(5)	7.007.374	1.416.000
		<u>16.401.219</u>	<u>8.643.300</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Yfirstjórn.....	(6)	4.959.547	4.776.562
Þjálfun & kennsla.....	(7)	738.422	906.313
Íþróttaleg viðskipti.....	(8)	472.745	1.693.162
Kynning, fræðsla & útbreiðsla.....	(9)	895.285	717.636
Rekstur mannvirkja.....	(10)	9.497.859	911.425
Afskriftir og önnur gjöld.....		328.082	113.481
		<u>16.891.940</u>	<u>9.118.579</u>
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði:		(490.721)	(475.279)
<b>Fjármagnsliðir:</b>			
Fjármunatekjur.....		1.167.857	1.349.315
Fjármunagjöld.....		(757.836)	(132.629)
		<u>410.021</u>	<u>1.216.686</u>
Hagnaður af reglulegri starfsemi.....		<u>(80.700)</u>	<u>741.407</u>
<b>Óreglulegir liðir:</b>			
Bókfært verð umfram söluverð Skólavegi 32 n.h.:...		(600.000)	0
		<u>(600.000)</u>	<u>0</u>
<b>Afkoma ársins:</b>		<u>(680.700)</u>	<u>741.407</u>



### 11.3 Efnahagsreikningur 31 desember 2002

#### EIGNIR:

	Sndrl.:	Árið 2002	Árið 2001
<b>Fastafjármunir:</b>			
Fasteignir.....	(11)	37.324.800	45.040.800
Áhöld og tæki.....	(12)	1.066.176	416.305
		<u>38.390.976</u>	<u>45.457.105</u>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Viðskiptamenn.....	(13)	21.419.151	1.698.705
Jólablað-17. Júní bækl. útistandandi.....		623.000	209.500
Vörur.....	(14)	0	0
Verðbréf & eignarhlutar.....	(15)	24.967.469	22.382.648
Handbært fé.....	(16)	2.250.383	9.038.593
		<u>49.260.003</u>	<u>33.329.446</u>
	Eignir alls	<u>87.650.979</u>	<u>78.786.551</u>

#### EIGIÐ FÉ OG SKULDIR :

		Árið 2002	Árið 2001
<b>Eigið fé:</b>			
Endurmatsreikningur .....	(16)	884.000	5.128.000
Óráðstafað eigið fé .....	(17)	77.630.699	73.183.399
	Eigið fé alls	<u>78.514.699</u>	<u>78.311.399</u>
<b>Skuldir:</b>			
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Önnur skuldabréf.....	(18)	9.136.280	475.152
Næsta árs afborgun.....	(14)	(1.827.256)	(95.030)
		<u>7.309.024</u>	<u>380.122</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Ógr. vegna starfsfólks.....		0	0
Næsta árs afborgun skuldabréfa.....		1.827.256	95.030
		<u>1.827.256</u>	<u>95.030</u>
	Skuldir alls.....	<u>9.136.280</u>	<u>475.152</u>
	Eigið fé og skuldir alls:	<u>87.650.979</u>	<u>78.786.551</u>



## 11.4 Sunduliðanir með ársreikningi 2002

### 1. Framlög og styrkir:

Lóttótekjur frá ÍSÍ.....	2.818.109
Lóttótekjur frá UMFÍ.....	3.098.386
Aðrir styrkir.....	407.300
Framlög og styrkir samtals:	<u>6.323.795</u>

### 2. Tekjur af mótum:

Styrkur RNB v/ leikjaskóla.....	820.000
Tekjur af leikjaskóla.....	687.000
Tekjur af mótum samtals:	<u>1.507.000</u>

### 3. Auglýsingatekjur:

Auglýsingatekjur af 17. Júní bæklingi.....	364.000
Auglýsingatekjur af jólablaði.....	898.000
Auglýsingatekjur samtals:	<u>1.262.000</u>

### 4. Húsa- & lóðarleigutekjur:

Húsaleigut. V/íbr. Húss við Sunnubraut.....	93.150
Húsaleigut. af Skólavegi 32 nh.....	90.000
Húsaleigut. af Hringbraut 108.....	60.000
Lóðarleigutekjur vegna Heiðarenda.....	57.900
Húsa- & lóðarleigutekjur samtals:	<u>301.050</u>

### 5. Aðrar tekjur:

K-peysur seldar.....	55.500
Tryggingabætur ofl. Tengt endurbótum Hringbr. 108.	5.120.843
Tekjur vegna 17. júní.....	1.040.350
Sjálfbóðaliðavinna vegna stjórnunar.....	790.681
Aðrar tekjur samtals:	<u>7.007.374</u>

### 6. Yfirstjórn:

Laun.....	3.119.012
Tryggingargjald v/yfirstjórnunar.....	189.905
Lífeyrissjóðsframl. 6%.....	174.498
Félagsgj. 1,25%.....	27.960
Fundakostnaður.....	36.982
Kaffiveitingar á fundum.....	63.310
Skrifstofukostnaður - annar kostnaður.....	100.372
Skrifstofukostnaður - Pappír, prentur, ritf.....	67.061
Skrifstofukostnaður - Sími.....	183.184
Skrifstofukostnaður - R. tölvukerfis.....	127.939
Skrifstofukostnaður - viðh. Áhalda.....	44.637
Skrifstofukostnaður - þrifkostnaður.....	24.914
Skrifstofukostnaður - aðkeypt vinna tölvumanna.....	3.400
Skrifstofukostnaður - burðargjöld.....	5.692
Sjálfbóðaliðavinna vegna stjórnunar.....	790.681
Yfirstjórn samtals:	<u>4.959.547</u>

### 7. Þjálfun & kennsla:

Laun þjálfara.....	681.382
Tryggingargjald þjálfara.....	19.923
Lífeyrissjóðsframl. V/þjálfara.....	37.117





# KEFLAVÍK íþróttta- og umgmenningafélag

Ársskýrsla 2002

Þjálfun & kennsla samtals:	738.422
<b>8. Íþróttaleg viðskipti:</b>	
Kostnaður vegna kjörs íþróttaf. Keflavíkur.....	6.960
Kostn. V/samskipta v/önnur samtök.....	33.462
Kostn. V/samskipta v/deildir.....	106.475
Kostn. V/þings UMFÍ.....	15.250
Verðlaun.....	57.449
Kostnaður vegna leikjaskóla.....	253.149
Íþróttaleg viðskipti samtals:	472.745
<b>9. Kynning, fræðsla &amp; útbreiðsla:</b>	
Jólablað - Pappír, prentun.....	448.200
Jólablað - burðargj. Dreifing.....	50.000
Annar kynningarkostnaður.....	397.085
Kynning, fræðsla & útbreiðsla samtals:	895.285
<b>10. Rekstur mannvirkja:</b>	
Orkureikn, hiti & rafmagn.....	69.307
Fasteignagjöld.....	80.648
Viðhald - annað.....	46.245
Viðhald - sérfræðiþjónusta.....	220.746
Tryggingar.....	156.440
Hringbraut 108 endurbætur.....	8.831.323
Húsaleiga íþr. mannv. Reykjanesbæjar.....	93.150
Rekstur mannvirkja samtals:	9.497.859
<b>11. Fasteignir:</b>	
Hringbraut 108.....	20.125.600
Hringbraut 106.....	0
Skólavegur 32.....	10.199.200
Heiðarendi.....	7.000.000
Fasteignir samtals:	37.324.800
<b>12. Áhöld &amp; tæki:</b>	
Áhöld & tæki (skrifstofubúnaður).....	523.028
Tölvubúnaður.....	543.148
Áhöld & tæki samtals:	1.066.176
<b>13. Viðskiptamenn:</b>	
Sunddeild.....	(20.000)
Badmintondeild.....	(30.000)
Knattspyrnudeild.....	11.063.794
Karatedeild.....	(255.780)
Skotdeild.....	234.926
Körfuknattleiksdeild.....	10.426.211
Viðskiptamenn samtals:	21.419.151
<b>14. Vörubirgðir:</b>	
Neyðarnúmer 112.....	0
Vörubirgðir samtals:	0
<b>15. Verðbréf &amp; eignarhlutar:</b>	
Skuldabr. V/sölu B-Sal.....	10.000.000



# KEFLAVÍK íþrótt- og umgennafélag

Ársskýrsla 2002

Hlutabréfasafn í vörslu Sparisj. Í Keflavík.....	4.980.706
Húsbr. V/sölu Hringbrautar 106 og Skólavegar 32.....	9.986.763
Verðbréf & eignarhlutar samtals:	24.967.469

## 16. Handbært fé:

Tékkar. 1109-26-132.....	158.483
Tékkar. 1109-26-2602.....	(2.222.145)
Peningamarkaðsreikn. 1109-15-550972.....	1.338.592
Bók 1109-18-640319.....	2.126.656
Landsb. Ísl. Bók 0142-05-6974.....	540
Íslandsb. 542-14-601047.....	291.685
Landsb. 0142-26-4567.....	715
Fjárvörslureikn. Spkef 1109-26-6907.....	244.475
Karateild geymd 1109-18-6407.....	311.380
Handbært fé samtals:	2.250.383

## 17. Endurmatsreikningur:

Endurmat ársins.....	884.000
Endurmatsreikningur samtals:	884.000

## 18. Óráðstafað eigið fé:

Óráðstafað frá fyrra ári.....	66.297.160
Afkoma ársins.....	(680.700)
Óráðstafað eigið fé samtals:	65.616.461

## 19. Önnur skuldabréf:

Skbr. 1109-72-107148.....	322.244
Skbr. Lsj. Verls.m. 15296.....	61.864
Skbr. 1109-74-423971/Karfa/knattspyrna yfirt. 2002.....	5.350.180
Skbr. 0142-74-174377/karfa yfirt. 2002.....	1.300.000
Skbr. 0143-74-173730/karfa yfirt. 2002.....	2.101.992
Önnur skuldabréf samtals:	9.136.280

## 20. Ógr. vegna starfsfólks:

Ógr. Lífeyrissjóður.....	0
Ógr. Staðgreiðsla.....	0
Ógr. Tryggingargjald.....	0
Ógr. vegna starfsfólks samtals:	0

## 21. Yfirlit yfir niðurgreiðslur lána á árinu

	Staða í árslok 2002	Staða í árslok 2001
Skbr. 1109-72-107148.....	322.244	386.462
Skbr. Lsj. Versl.m. 15296.....	61.864	88.690
Samtals:	384.108	475.152

Skuldir aðalstjórnar lækkuðu um kr. ....	91.044
Að auki voru greidd vaxtagjöld af lánum kr. ....	(757.836)

## Eftirfarandi lán voru tekin á árinu.:

Skbr. 1109-74-423971/Karfa/knattspyrna yfirt. 2002.....	5.350.180
Skbr. 0142-74-174377/karfa yfirt. 2002.....	1.300.000
Skbr. 0143-74-173730/karfa yfirt. 2002.....	2.101.992



### 11.5 Endurmats- og fyrningarskýrsla eigna

#### Endurmats- og fyrningarskýrsla eigna

Heiti/teg.eignar	Ár.	Bókfært í reikningum 2000	Brunabótamat 2001	Bókfært í reikningum 2001	Brunabótamat 2002	Verðbr. 31/12 2002	Fyrningarskýrsla eigna hlfr.
<i>Skólavegur 32 eh</i>		5.452.800	13.119.000	10.495.200	11.249.000		
<i>Skólavegur bílskúr</i>		990.400	1.500.000	1.200.000	1.500.000	0	
<i>Hringbraut 108</i>		22.110.400	24.052.000	19.241.600	25.157.000	884.000	
<i>Heiðarendi - lóð</i>		7.000.000		7.000.000		0	
<b>Áhöld og tæki:</b>							
<i>Skjávarpi+tilheyrandi</i>	02				365.000		20
<i>Heimabíó + DVD</i>	02				124.325		20
<i>Nýtt tölvukerfi</i>	99	61.346		30.671			100
<i>Ljósritunarvél Konica</i>	00	154.343		115.752			23
<i>Stólar 38 stk.</i>	00	317.508		269.882			13
<i>Compac talva + prentari</i>	02				189.610		20
<i>Penninn borð í sal</i>	02				258.518		20
		36.086.797	38.671.000	38.353.105	38.843.453	884.000	

Bókfært mat á fasteignum er 80% af brunabótamati.



## 11.6 Samtæðureikningur félagsins



## 11.7 Skýringar með ársreikningi

Reikningar 2002

### Skýringar með ársreikningi Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags árið 2002

1. Ársreikningur Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags er gerður með sömu aðferðum og áður.
2. Skólavegur 32 nh var seld á rekstrarárinu.
3. Verulegar endurbætur voru gerðar á Hringbraut 108 á rekstrarárinu.
4. Fasteignir félagsins eru bókfærðar á 80% af brunabótamati eins og gert hefur verið frá upphafi.
5. Félagið á húsbréf, skuldabréf og hlutabréf í formi hlutabréfasafns, blandað með innlendum og erlendum hlutabréfum. Ávöxtun þessa safns hlutabréfa hefur ekki verið gott fremur en almennt hefur verið á hlutabréfamarkaði í okkar heimshluta á s.l. ári. Öll verðbréf eru bókfærð á kaupvirði og ekki færð upp (eða niður) með lokaárgengi þeirra. Ástæðan er sú að hagnaður eða tap þessarra bréfa verður ekki til fyrr en við sölu eða innlausn þeirra. Lokaárgengi lýsir stöðu bréfanna ef þau væru innleyst á þeim tímapunkti en gefur ekki glöggva mynd af ávöxtun bréfanna þegar til lengri tíma er litið.
6. Aðalstjórn félagsins er í ábyrgðum fyrir yfirdráttar- og skuldabréfalánum deilda utan ársreiknings aðalstjórnar eins og hér segir:

	Upphafl. Ábyrgð:	Staða 31/12 '02	
A. Skotdeild	3.000.000	2.538.226	Spkef.
B. Körfukn.deild	820.000	820.000	L.Í. Kef.
C. Sunddeild	300.000	0	Spkef.
D. Sunddeild	1.400.000	1.003.783	Spkef.

Um aðrar ábyrgðir hefur ekki verið fjallað í aðalstjórn félagsins og ekki hefur verið veitt leyfi til skuldsetningar deilda umfram það sem að ofan er getið.



## 11.8 Fjárhagsáætlun 2003

### REKSTRARTEKJUR

	Árskýrsla 2002	Áætlun 2003
<b>1. Framlög og styrkir:</b>		
Lóttótekjur frá ÍSÍ.....	2.818.109	2.000.000
Lóttótekjur frá UMFÍ.....	3.098.386	2.200.000
Aðrir styrkir.....	407.300	400.000
Framlög og styrkir samtals:	6.323.795	4.600.000
<b>2. Tekjur af mótum:</b>		
Styrkur RNB vegna leikjaskóla.....	820.000	820.000
Tekjur af leikjaskóla.....	687.000	600.000
Tekjur af mótum samtals:	1.507.000	1.420.000
<b>3. Auglýsingatekjur:</b>		
Auglýsingatekjur af 17. Júnidagskrá.....	364.000	350.000
Auglýsingatekjur af jólablaði.....	898.000	850.000
Auglýsingatekjur samtals:	1.262.000	1.200.000
<b>4. Húsaleigutekjur:</b>		
Húsaleigut. Mannv. Reykjanesbæjar.....	93.150	90.000
Húsaleigut. af Skólavegi 32 nh.....	90.000	0
Húsaleigut. af Hringbraut 108.....	60.000	100.000
Lóðarleigutekjur af Heiðarenda.....	57.900	60.000
Húsaleigutekjur samtals:	301.050	250.000
<b>5. Aðrar tekjur:</b>		
K-peysur seldar.....	55.500	20.000
Tryggingabætur ofl. Tengt endurbótum Hringbr. 108.	5.120.843	0
Tekjur vegna 17. júní.....	1.040.350	1.000.000
Sjálfbóðaliðavinna vegna stjórnunar.....	790.681	800.000
Aðrar tekjur samtals:	7.007.374	1.820.000
<b>Rekstrartekjur alls:</b>	16.401.219	9.290.000

### REKSTRARGJÖLD

<b>6. Yfirstjórn:</b>		
Laun.....	3.119.012	3.308.800
Tryggingargjald v/yfirstjórnunar.....	189.905	200.970
Lífeyrissjóðsframl. 6%.....	174.498	198.528
Félagsgj. 1,25%.....	27.960	41.360
Fundakostnaður.....	36.982	40.000
Kaffiveitingar á fundum.....	63.310	70.000
Skrifstofukostnaður - annar kostnaður.....	100.372	100.000
Skrifstofukostnaður - Pappír, prentur, ritf.....	67.061	70.000
Skrifstofukostnaður - Sími.....	183.184	200.000
Skrifstofukostnaður - R. tölvukerfis.....	127.939	100.000
Skrifstofukostnaður - viðh. Áhalda.....	44.637	50.000
Skrifstofukostnaður - þrifkostnaður.....	24.914	144.000
Skrifstofukostnaður - aðkeypt vinna tölvumanna.....	3.400	0
Skrifstofukostnaður - burðargjöld.....	5.692	10.000



# KEFLAVÍK íþróttta- og umgmenningafélag

Ársskýrsla 2002

Sjálfbóðaliðavinna vegna stjórnunar.....	790.681	800.000
Yfirstjórn samtals:	4.959.547	5.333.658

## 7. Þjálfun & kennsla:

	Ársskýrsla 2002	Áætlun 2003
Laun þjálfara í leikjaskóla.....	681.382	750.000
Tryggingargjald þjálfara.....	19.923	45.554
Lífeyrissjóðsframl. V/þjálfara.....	37.117	45.000
Þjálfun & kennsla samtals:	738.422	840.554

## 8. Íþróttaleg viðskipti:

Kostnaður vegna kjörs íþróttaf. Keflavíkur.....	6.960	20.000
Kostn. V/samskipta v/önnur samtök.....	33.462	30.000
Kostn. V/samskipta v/deildir.....	106.475	80.000
Kostn. V/þings UMFÍ.....	15.250	100.000
Verðlaun.....	57.449	60.000
Kostnaður vegna leikjaskóla.....	253.149	320.000
Íþróttaleg viðskipti samtals:	472.745	610.000

## 9. Kynning, fræðsla & útbreiðsla:

Jólablað - Pappír, prentun.....	448.200	460.000
Jólablað - burðargj. Dreifing.....	50.000	50.000
Annar kynningarkostnaður.....	397.085	400.000
Kynning, fræðsla & útbreiðsla samtals:	895.285	910.000

## 10. Rekstur mannvirkja:

Orkureikn, hiti & rafmagn.....	69.307	120.000
Fasteignagjöld.....	80.648	8.000
Viðhald - annað.....	46.245	30.000
Viðhald - sérfræðiþjónusta.....	220.746	0
Tryggingar.....	156.440	100.000
Hringbraut 108 endurbætur.....	8.831.323	0
Húsaleiga íþr. mannv. Reykjanesbæjar.....	93.150	90.000
Rekstur mannvirkja samtals:	9.497.859	348.000

## 11. Afskriftir:

Afskriftir.....	328.082	300.000
Afskriftir samtals:	328.082	300.000

## 12. Fjármagnsliðir:

Fjármunatekjur.....	1.167.857	900.000
Fjármunagjöld.....	(757.836)	(1.200.000)
Fjármagnsliðir samtals:	410.021	(300.000)

## 13. Óreglulegir liðir:

Bókfært verð fasteigna umfram söluverð.....	(600.000)	(600.000)
Óreglulegir liðir samtals:	(600.000)	(600.000)

## Rekstrargjöld samtals:

17.081.919	9.242.211
------------	-----------

## Afkoma ársins:

(680.700)	47.789
-----------	--------